



Borgarráð

Reykjavík, 23. febrúar 2026
USK26020189

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum

Lögð er fram til kynningar umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum nr. S-3/2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum nr. S-3/2026, dags. 17. febrúar 2026.



Reykjavík



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2026
USK26020189

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum nr. S-3/2026

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur lagt í Samráðsgátt og óskað umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Eftirfarandi er umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarpið.

Fyrir liggur að ríkisstjórnin hefur ákveðið að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna verði fært frá sveitarfélögum til ríkisins, þannig að matvælaeftirlit færist til Matvælastofnunar og umhverfis- og hollustuháttaeftirlit til Umhverfis- og orkustofnunar. Frumvarpið sem hér er um rætt tekur á hollustuháttum og mengunarvörnum og flutningi þess málaflokks til Umhverfis- og orkustofnunar. Enn er óljóst hvernig staðið verður að verkefnum sem áfram verða á hendi sveitarfélaga, fjárhagsleg áhrif færslunnar á sveitarfélög liggja ekki fyrir og náð samstarf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur við Reykjavíkurborg m.a. á sviði skipulags- og byggingarmála verður rofið. Mengunarvarnir og matvælaöryggi eru mikilvæg heilsu og öryggi íbúa í Reykjavík. Hætt er við að þjónusturof verði gagnvart íbúum og rekstraraðilum í Reykjavík við tilfærsluna þegar reynslumikið starfsfólk heilbrigðiseftirlits leitar annarra starfa vegna óvissu og tilfærslu til ríkisins.

Reykjavíkurborg leggur áherslu að að vandað verði til verka við svo viðamiklar breytingar sem þær sem hér standa til. Mikilvægt er að læra af reynslunni og halda í það sem nýst hefur vel í núverandi fyrirkomulagi. Þá er mikilvægt að undirbúningur verði góður og tryggt að ekki verði þjónustufall við flutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins, hluti af því er að skýra sem fyrst stöðu starfsfólks heilbrigðisnefndar og tryggja áframhaldandi störf þeirra í héraði. Loks er afar mikilvægt að hlutverk og ábyrgð verði skýr, þ.e. skýrt verði hvaða verkefni fara frá sveitarfélagunum og hvaða verkefni verða þar eftir auk þess sem nauðsynlegt er að fyrir liggi kostnaðaráætlun sem tekur á öllum kostnaðaráhrifum á sveitarfélögin, ekki bara kostnaði af rekstri heilbrigðiseftirlits heldur einnig kostnaði vegna gjalda sem leggjast mun á starfsemi á vegum sveitarfélaganna.

Fjárhagsleg áhrif frumvarpsins

Í greinargerð með frumvarpinu eru áhrif á fjárhag sveitarfélaga metin takmörkuð. Mat á áhrifum breytinganna á fjárhag sveitarfélaga fylgir ekki frumvarpinu í samráðsgátt og ekki er því ljóst hvað liggur að baki þessu mati ráðuneytisins. Mikilvægt er að bæta úr því svo hægt sé að leggja mat á hvort kostnaðarmat sé raunhæft og hver áhrif á sveitarfélögin eru.

Ljóst er að sveitarfélög munu þurfa að byggja upp sérfræðiþekkingu á málaflokkum sem í dag er sinnt af heilbrigðiseftirliti en fjölmörg verkefni verða færð til sveitarfélaga.



Sveitarfélög í landinu eru 62 en heilbrigðiseftirlitssvæði sem til stendur að leggja niður 10. Hefur þessi kostnaðarþáttur verið metinn?

Fjárhagslegur ávinningur af mjög mikilvægu samstarfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar á sviði umhverfis-, skipulags- og byggingarmála hefur ekki verið metinn en hann er þónokkur. Heilbrigðiseftirlitið veitir skipulags- og byggingarfulltrúa ótal álit og umsagnir á hverju ári, boðleiðir eru stuttar og samvinna góð. Með færslu eftirlitsins til ríkisins lengjast boðleiðir og búast má við að dragi úr samvinnu með tilheyrandi kostnaði fyrir uppbyggingaraðila og samfélagið allt. Meta þarf þennan þátt.

Við tilfærslu eftirlits frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til annars vegar Umhverfis- og orkustofnunar og hinsvegar Matvælastofnunar, eftir málaflokkum, mun fjöldi eftirlitsþega lúta tveimur eftirlitsstjórnvöldum í stað eins og þannig tvöföldun eftirlitsgjalda og leyfa. Á það meðal annars við um tæplega 130 leik- og grunnskóla í Reykjavík. Mikilvægt er að meta þau kostnaðaráhrif sem þetta hefur á sveitarfélögin, þ.m.t. Reykjavíkurborg.

Með frumvarpinu liggur ekki fyrir mat á kostnaði sveitarfélaga vegna starfsloka heilbrigðisfulltrúa, aðstöðusköpunar og búnaðar sem fjárfest hefur verið í en sem dæmi hefur miklum fjármunum verið varið í nýtt skjalavistunarkerfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á síðastliðnu ári. Mikilvægt er að meta þennan kostnað.

Mikilvægt er að greina fjárhagsleg áhrif frumvarpsins, bæði beint og óbeint, og hvernig þeim verður mætt áður en lengra er haldið.

Samstarf á sviði umhverfis-, skipulags og byggingarmála

Í greinargerð með frumvarpinu er minnst á að viss óbein neikvæð áhrif á sveitarfélög kunna að felast í því að sérfræðipekking flytjist að hluta til ríkisins. Reykjavíkurborg telur of lítið gert úr þessum áhrifum, þau séu umtalsverð.

Mikið og gott samstarf á sér stað milli Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar m.a. á sviði skipulags- og byggingarmála, reksturs Reykjavíkurborgar og samstarfi borgarinnar við íbúa og rekstraraðila. Stuttar boðleiðir og góð samvinna á sviði skipulags- og byggingarmála er afar mikilvæg, m.a. til að tryggja skjóta afgreiðslu og koma í veg fyrir galla í skipulagsáætlunum. Þá hefur náið samstarf við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur t.a.m. verið afar mikilvægt við greiningu og hreinsun á jarðvegsmengun við umbreytingu iðnaðarsvæða í íbúða- og miðsvæði í borginni auk þess sem heilbrigðiseftirlitið hefur haft mikla aðkomu og hlutverk varðandi mengunarmál og varnir gegn mengun í borginni almennt. Við tilfærslu eftirlitsins munu boðleiðir lengjast og draga úr samstarfi sem eykur hættu á mistökum og getur dregið úr vernd gegn mengun svo dæmi séu tekin.

Mikilvægt er að greina betur þessi neikvæðu áhrif og hvernig draga megj úr þeim.

Aðkoma sveitarfélaga að málum í nærumhverfi

Með frumvarpinu eru gerðar breytingar á fjölda laga þar sem m.a. tilkynningaskylda til heilbrigðisnefnda er felld niður, samráð við heilbrigðisnefndir er fært til umhverfis- og orkustofnunar eða hlutverk heilbrigðisnefnda við áætlanagerð er fært til ríkisins. Á þetta m.a. við um breytingar á sóttvarnalögum og lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum. Mikilvægt er að upplýsingagjöf til sveitarfélaga og samráð sé aukið við



þessar breytingar t.a.m. við útgáfu leyfa og í tilfellum þar sem áður þurfti að leita umsagnar heilbrigðisnefndar. Hver verður nú aðkoma sveitarfélaga í slíkum málum?

Rýna þarf frumvarpið m.t.t. þessa.

Athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins (ekki tæmandi)

12. gr.

Gerð er breyting á 3. mgr. 36. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og tilgreint að sveitarfélögum sé heimilt að setja upp og reka mælistöðvar til að meta loftgæði. Ákvæðið er óþarft, öllum er heimilt að mæla loftgæði.

14. gr.

Í greinargerð með frumvarpinu er breytingum á 42. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir lýst þannig að sveitarstjórnunum, byggingarnefndum og öðrum yfirvöldum sveitarfélaga, sem og ríkisstofnunum, verði heimilt að leita álits Umhverfis- og orkustofnunar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög um hollustuhætti og mengunarvarnir taka til. Í 14. gr. frumvarpsins segir hins vegar að framangreindir aðilar skulu leita álits. Óljóst er hver hugsun ráðuneytisins er, er aðilum skylt eða heimilt?

25. og 43. gr.

Í 25. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir en greinin kveður á um gerð heilbrigðissamþykktar og gjaldskráa. Í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um samþykktir um meðferð úrgangs og skolp í lögum um meðhöndlun úrgangs. Vegna þessa er í 43. gr. frumvarpsins lagt til að bætt verði við nýrri grein í lög um meðhöndlun úrgangs þar sem sveitarfélögum verði heimilað að setja samþykkt um meðhöndlun úrgangs og umgengni á lóðum. Reykjavíkurborg vekur athygli ráðuneytisins á að heimild til að setja samþykkt um meðhöndlun úrgangs er þegar í 8. gr. laganna en hins vegar er í fyrirhuguðu frumvarpi hvergi að finna breytingu sem heimilar að sveitarfélög setji samþykktir um skolp. Í 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs er vísað til 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir varðandi gerð og staðfestingu samþykktar svo gera þarf breytingu á 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs verði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir breytt eins og lagt er til í frumvarpinu.

Með breytingum á 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er tekin út heimild sveitarfélaga til að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda sem skilgreind er í lögnum. Ekki er gert grein fyrir þessu í greinargerð með frumvarpinu. Í lögum um meðhöndlun úrgangs er heimild til gjalddöku en hins vegar er þar ekki tilgreint að gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign líkt og í núverandi 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákvæðið er mikilvægt fyrir innheimtu m.a. sorphirðugjalda en sveitarfélög bera ábyrgð á hirðu heimilisúrgangs og sú þjónusta má ekki falla niður. Mikilvægt er að bætt verði úr þessu í frumvarpinu.

Niðurstaða

Reykjavíkurborg telur ljóst að frumvarpið hefur verið unnið nokkuð hratt og mun hraðar en æskilegt er þegar um svo viðamikla stjórnkerfisbreytingu er að ræða. Borgin saknar þess sem rekstraraðili stærsta heilbrigðiseftirlits á landinu að hafa ekki verið kölluð til samráðs um málið en ítarlegt samráð ýtir undir betri niðurstöðu. Kostnaðarmat virðist algjörlega ófullnægjandi, eða ekki liggja fyrir, og úr því er nauðsynlegt að bæta. Draga



Reykjavík



þarf saman breytingu á verkaskiptingu með skýrum hætti svo sveitarfélögunum sé ljóst hvaða málefni færast til þeirra eða eftir atvikum verða eftir hjá þeim við þessa breytingu. Það er forsenda þess að sveitarfélögin veðri í stakk búin fyrir breytingarnar þegar þær taka gildi um næstu áramót. Það er gríðarlega mikilvægt að tryggt veðri með góðu samráði og samstarfi að ekki veðri þjónusturof í borginni gagnvart íbúum og rekstraraðilum vegna þessara breytinga. Heilbrigðiseftirlitið er í dag mikilvægur öryggisventill hvað varðar hollustuhætti, mengunarvarnir og matvælaöryggi. Þjónusturof getur skapað hættu fyrir líf og heilsu íbúa. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að koma með frekar athugasemdir undir ferli málsins eftir því sem tilefni er til.

Virðingarfyllst,

Heiða Björg Hilmasdóttir



Reykjavík